

## 5. STJÓRNARFUNDUR UNGMENNAFÉLAGS ÍSLANDS

Haldinn 9. febrúar 2024 í fjarfundi

**Mætt eru:** Jóhann Steinar Ingimundarson (JSI), Gunnar Þór Gestsson (GPG), Gunnar Gunnarsson (GG), Sigurður Óskar Jónsson (SÓJ), Guðmundur G. Sigurbergsson (GGS), Ragnheiður Högnadóttir (RH), Málfríður Sigurhansdóttir (MS) Rakel Másdóttir (RM), Ásgeir Sveinsson (ÁS) á fjarfundi, Guðmunda Ólafsdóttir (GÓ), Hallbera Eiríksdóttir (HE), Embla Líf Hallsdóttir (ELH), fulltrúi Ungmennaráðs UMFÍ, Auður Inga Þorsteinsdóttir (AIP) framkvæmdastjóri UMFÍ og Einar Þ. Eyjólfsson (EPE) fjármálastjóri UMFÍ.

*Formaður setti fund kl. 17:00*

### 1. Fjármál

- Ársuppgjör 2023

Drög að ársuppgjöri lögð fram. Rætt um skýrslu stjórnar. Unnið er að lokafærslum með endurskoðendum.

### 2. Þinggerð

- Þinggerð lögð fram til kynningar. Stjórn þakkar þeim sem komu að ritun hennar og uppsetningu fyrir vel unnin störf.

### 3. Staða verkefna

- Samantekt frá Erasmus+ verkefni – 5C. Ragnheiður Sigurðardóttir fór í ferðina ásamt fulltrúum ÍSÍ, HR, FSÍ og KSÍ. Stjórn þakkar fyrir góða samantekt.

AIP kom inn á fundinn kl. 17:30

- Samantekt haustönn Reykir. Sigurður Guðmundsson, forstöðumaður Skólalabúða á Reykjum, kom inn á fundinn og sagði frá starfinu.

### 4. Upplýsingagjöf frá framkvæmdastjóra

- AIP fór yfir starfseminu frá síðasta stjórnarfundum.

**5. Svæðaskrifstofur**

- Staða verkefnisins kynnt. Fljótlega verður auglýst eftir starfsfólki svæðaskrifstofanna.

**6. Fundargerðir nefnda lagðar fram til kynningar**

- 3. Fundargerð Framkvæmdastjórnar
- 4. Fundargerð Framkvæmdastjórnar
- 2. Fundargerð Upplýsingatækninefndar
- 3. Fundargerð Upplýsingatækninefndar
- 3. Fundargerð Ungmennaráðs
- 1. Fundargerð Fræðslunefndar
- 1. Fundargerð Skólabúðanefndar
- 1. Fundargerð Kynningar- og útgáfunefndar

**7. Erindi frá nefndum**

- Frá framkvæmdastjórn um reglugerð lottó.

Framkvæmdastjórn leggur til við stjórn að útgreiðslur hefjist samhliða opnun svæðaskrifstofa og málið verði unnið í samráði við ÍSÍ í samræmi við bókun á þingi.

Bókun þings:

*Þessar breytingar taka gildi eftir að samningar nást við ríkisvaldið um að það leggi fram sambærilegan fjárhagslegan stuðning til svæðisskrifstofa íþróttahéraða, m.a. með vísan til farsældarlaga.*

*Fram til þess tíma gilda áðurgildandi reglur. Hafi breytingin ekki komist til framkvæmda fyrir sambandsþing UMFÍ 2025, þá mun þingið taka afstöðu til framhalds málsins.*

Stjórn samþykkir tillögu framkvæmdastjórnar.

- Frá upplýsingatækninefnd um skráningarkerfi fyrir mótahald. Stjórn samþykkir tillögu upplýsingatækninefndar.
- Uppfærð erindisbréf frá fræðslunefnd og skólabúðanefnd ásamt vörðum. Stjórn samþykkir erindisbréf Fræðslunefndar og Skólabúðanefndar.

**8. Staða nefndarstarfs og verkefni stjórnar**

Farið yfir aðgerðaráætlun og stöðu verkefna.

**9. Mannauðsmál**

Framkvæmdastjóri fór yfir tillögu að mannauðsstefnu. Stjórn samþykkir mannauðsstefnuna.

Framkvæmdastjóri fór yfir tillögu að launastefnu. Stjórn samþykkir launastefnuna.

GÓ vék af fundi kl. 19:02

## 10. Fundir og ferðir

- Rætt um aðalfundi/ársþing sambandsaðila. Stjórn mun skipta mætingu á milli sín.
- Jón Aðalsteinn Bergsveinsson á stjórnarfundum Almannaheilla.
- MS á stjórnarfundum SAFF, samtök félagasamtaka í forvörnum.

ELH vék af fundi kl. 19:11

## 11. Bréf sem borist hafa

- Fundargerð Samstarfs félagasamtaka í forvörnum, SAFF.
- Samantekt um störf Íþróttanefndar ríkisins frá Hauki F. Valtýssyni.
- Bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi vegna nauðungarsölu á Þrastalundi.
- Bréf frá Glímudeild UMFN.

*Farið yfir fundargerð og hún samþykkt í lok fundar og send til rafrænnar undirritunar.*

*Fundi slitið kl. 19:28  
SÓJ ritaði fundargerð*